

SÁÐVÖRULISTI 2024



BYGG, HAFRAR OG HVEITI

BYGG

Að jafnaði þroskast sexraðabygg fyrr en tvíraðabygg. Sexraðabygg hefur þó veikara strá og er því hættara við að brotna eða jafnvel leggjast í vondum veðrum. Sexraðabygg er helst notað norðan-, austan- og vestanlands en einnig í uppsveitum sunnanlands. Tvíraðabygg er helst notað í lágsveitum sunnanlands.

Brage (sexraða): Fljótþroska, nokkuð hávaxið og gefur mikla uppskeru. Er í flestu álitlegt og nokkuð þolið gagnvart sveppasjúkdómum. **Sáðmagn 180-200 kg/ha.**

Heder (sexraða): Mjög fljótþroska, strásterkt og hefur gott þol gegn svepp. Er norsk yrki sem hefur reynst vel. **Sáðmagn 180-200 kg/ha.**

Judit (sexraða): Fljótþroska, gefur góða uppskeru á frjósamri jörð en reynist miður á sandi. Getur farið illa í haustveðrum eftir að kornið er þroskað. Á einkum heima norðanlands. **Sáðmagn 180-200 kg/ha.**

Mainio (sexraða): Fljótþroska, nokkuð hávaxið og strá sterkt sem hefur reynst nokkuð vel í tilraunum og ræktun. Þoldi vel haustvinda árið 2022. Tók við af Aukusti yrkinu. **Sáðmagn 180-200 kg/ha.**

Onerva (sexraða): Finnskt yrki sem hefur verið í prófunum hér á landi og gefið áhugaverðar niðurstöður. Með háan þúsundkornaþunga m.v. sexraða bygg. Í Finnlandi þarf Onerva svipaða hitasummu og Aukusti. Með góðan strástyrk og gott viðnám fyrir blaðsjúkdómum og tekur Aukusti fram á því sviði. **Sáðmagn 180-200 kg/ha.**

Smyrill (sexraða): Uppskerumikið yrki sem nær háu þurrrefnislutfalli. Smyrill er nýtt yrki úr kynbótum LBHÍ og hefur verið í íslenskum korntilraunum frá 1996 - 2019. Kemur að jafnaði vel út norðan- og austanlands. **Sáðmagn 180-200 kg/ha.**

Kría (tvíraða): Miðlungs fljótþroska. Hentar til notkunar víða um land, síst þó á austanverðu Norðurlandi. Er víðast valin vegna öryggis, þó er það gert á mismunandi forsendum eftir landslutum. Norðanlands stendur Kría betur en sexraðayrkin og þar má láta hana standa fram eftir hausti. **Sáðmagn 180-200 kg/ha.**

HAFRAR

Haфра má rækta til grænófóðuröflunar en einnig er hægt að sá þeim til kornþroska, þ.e. til þreskingar. Hafrar eru heldur seinni til kornþroska en bygg. Þeir eru þurrkþolinir, almennt nægjusamari á köfnunarefnisáburð og þolinari á súran jarðveg. Hafrar henta vel sem skjólsáning en líka er sniðugt að sá þeim með ertum. Auðveldast er að láta haфра ná þroska á sandjörð. Hafrar geta gefið góða uppskeru og eru þeir hið besta kjarnfóður fyrir skepnur.

Niklas: Snemþroska hafrar með hátt innihald betaglúkana, uppskerumikið og strásterkt finnskt yrki. **Sáðmagn 180-200 kg/ha.**

Vörunn	Bygg-Hafrar-Hveiti	Yrki	Magn kg	Kg/ha	Tilboðsverð 10% afsl. Verð pr. kg
9-56-6	Sexraða	Brage	25	180-200	155
9-62-6	Sexraða	Heder	25	180-200	155
9-54-5	Sexraða	Judit	25	180-200	163
9-77-5	Sexraða	Mainio	25	180-200	163
9-23-5	Sexraða	Onerva Nýtt	25	180-200	163
9-67-5	Sexraða	Smyrill	25	180-200	163
9-29-5	Tvíraða	Kría	25	180-200	162
9-66-5	Hafrar til þroska	Niklas	25	180-200	176
9-71-5	Vorhveiti	Helmi	40	180-200	193

HVEITI

Vorhveiti þarf langan þroskunartíma, langt og hlýtt sumar og er sjaldnast þreskt fyrr en í október. Talið er að það þurfi allt að mánuði lengri vaxtartíma en fljótþroska bygg við íslenskar aðstæður.

Helmi: Fljótþroska yrki frá Finnlandi. Áhugavert yrki með sterkt strá sem hefur verið í notkun á Íslandi undanfarin ár. Hefur ekki verið reynt í tilraunum á Íslandi en reynst vel við sambærilegar aðstæður í Finnlandi og Noregi. **Sáðmagn 180-200 kg/ha.**

SÁÐVARA

GRASFRÆBLÖNDUR

Grasfræblöndur Bústólpa eru þaulreyndar og þróaðar í samráði við bændur, ráðunauta og helstu sérfræðinga. Vandað er til verka fyrir hverja blöndu þar sem rétt yrki eru valin saman og í réttu hlutfalli sem svo henta hverju landsvæði fyrir sig.

Grasfræblanda 1: Traust blanda sem gefur góða uppskeru og góðan endurvöxt, tilvalin þar sem slegið er tvisvar. Blanda valinna vallarfoxyrkja sem reynst hafa sérstaklega vel á Norðurlandi. Gott vetrarþol. **Sáðmagn 25 kg/ha.**

Grasfræblanda 2: Hentar vel til beitar og þar sem slegið er einu sinni. Vetrarþol meira en í grasfræblöndu 1. Gott fóðurgras með vallarfox í meirihluta. Gefur góða uppskeru. Vallarsveifgrasið bætir endingu túnsins. **Sáðmagn 25 kg/ha.**

Grasfræblanda 3: Uppskerumikil blanda þar sem tegundir og yrki hafa verið valin sérstaklega með það í huga að fá mikla og góða uppskeru, bæði í fyrri og seinni slætti. Þrjú yrki vallarfoxgrass sem gefa góða uppskeru en hafa



einnig gott vetrarþol. Í blöndunni er einnig hávingull sem er uppskerumikil tegund og fjölært rýgresi sem gefur góðan endurvöxt og gott prótein. **Sáðmagn 25 kg/ha.**

Grasfræblanda - Heyfengur: Uppskerumikil blanda með 35% innihald af hávingli. Hávingull er uppskerumikið yrki og gefur góðan endurvöxt ásamt úrvals vallarfoxyrkjum. Góður endurvöxtur sem gefur góðan seinni slátt. **Sáðmagn 25 kg/ha.**

Grasfræblanda - Sígild: Sígild og góð blanda með breitt úrval vallarfoxyrkja ásamt fjölæru rýgresi. Ferlita rýgresi gefur meiri uppskeru og byggir upp gott gróffóður með vallarfoxgrasinu. Nokkuð vetrarþolin blanda. **Sáðmagn 25 kg/ha.**

SAMSETNING Á GRASFRÆBLÖNDUM

Grasfræblanda 1	Grasfræblanda 2	Grasfræblanda 3	Heyfengur	Sígild	Smárablanda	Smárablanda forsmituð
Snorri 30%	Snorri 30%	Rubina 30%	Snorri 15%	Rakel 25%	Snorri 60%	Snorri 12%
Tenho 30%	Tenho 30%	Tuukka 20%	Tenho 30%	Tenho 30%	Yngve 15%	Rakel 48%
Tuukka 25%	Tuukka 15%	Rakel 15%	Tuukka 20%	Tuukka 30%	Undrom 15%	Yngve 15%
Rubina 15%	Balin 25%	Kasper 20%	Barcrypto 35%	Barkamaz 15%	Revansch 5%	Peggy 11%
		Mathilde 15%			Kupol 5%	Revansch 5%
						Kupol 5%
						Hebe 4%

Grasfræblanda - Smáragrasblanda: Með smáraræktun fæst aukið prótein, en einnig aukin binding köfnunarefnis í jarðvegi og getur því minnkað þarfir fyrir N í áburði. Minni þörf fyrir aðkeypt prótein leiðir til meiri hagkvæmni á búinu. Gott samspil rauðsmára og hvítmára gefur góða uppskeru, góðan endurvöxt og hvítmárinn dreifir úr sér með jarðrenglum svo þekjan verður góð. Blandan kemur forsmið. **Sáðmagn 25 kg/ha.**

Blómablanda: Spennandi blanda sem inniheldur 27 blómayrki. Sífellt fleiri almenningsgræn svæði samanstanda ekki aðeins af grasi heldur einnig falllegum blómum. Þessi blómablanda er c.a. 40-60 cm á hæð og hentar því vel t.d. meðfram vegum. Hún laðar að sér skordýr og er fyrir allar jarðvegsgerðir. **Sáðmagn 10kg/ha.**

VALLARFOXGRAS

Vallarfoxgras er mjög gott og lystugt fóðurgras. Það gefur mikla uppskeru í fyrri slætti en lakari endurvöxt en margar aðrar tegundir. Það er svell- og kuldaþolið, þolir illa að vera slegið eða beitt snemma. Er ekki þurrkþolið.

Engmo: Mjög vetrarþolið og gefur góða uppskeru í fyrri slætti en sprettur lítið eftir fyrsta slátt. Hefur reynst vel norðanlands. **Sáðmagn 25 kg/ha.**

Lidar: Uppskerumikið og gefur meiri endurvöxt en norðlæg yrki en vetrarþol ekki eins mikið og hjá þeim þolnustu. Það hentar því síður þar sem mikið reynir á vetrarþol. **Sáðmagn 25 kg/ha.**

Rakel: Uppskerumikið og gefur meiri endurvöxt en norðlæg yrki, en vetrarþol ekki eins mikið og hjá þeim þolnustu. Það hentar því síður þar sem mikið reynir á vetrarþol. **Sáðmagn 25 kg/ha.**

Snorri: Mjög vetrarþolið. Nokkuð uppskerumikið en gefur lakari endurvöxt en bestu yrkin. Afrakstur samnoræna kynbóta. Hefur reynst vel norðanlands. **Sáðmagn 25 kg/ha.**

Tuukka: Nokkuð vetrarþolið. Gefur góða uppskeru og gott fóðurgildi. Hefur reynst vel hér á landi. **Sáðmagn 25 kg/ha.**

Tenho: Nokkuð vetrarþolið. Gefur góða uppskeru og gott fóðurgildi. Hefur reynst vel hér á landi. **Sáðmagn 25 kg/ha.**

VALLARSVEIFGRAS

Vallarsveifgras er skriðult gras sem myndar þéttan grassvörð og lokar eyðum. Það gefur góðan endurvöxt og er ágætt fóður en þó ekki eins lystugt og vallarfoxgras. Það er mjög harðgert en ekki jafn uppskerumikið og önnur túngrös.

Balin: Er frekar hugsað í grasflatir en tún. Gefur minni uppskeru en sum önnur yrki. **Sáðmagn 20 kg/ha.**



Baron: Yrki sem myndar þéttan svörð. Gott vetrarþol sem hefur lifað af kalda vetur í Norður- og Austur-Evrópu. **Sáðmagn 20 kg/ha.**

Kupol: Nýtt yrki, sem á að leysa Sobra. Afar fingert. **Sáðmagn 20 kg/ha.**

Oxford: Harðgert yrki og uppskerumikið. Myndar þéttan svörð og lokar eyðum. **Sáðmagn 20 kg/ha.**

Fjölært rýgresi Bartasja: Bartasja nýtir jarðvegsraka frá snjó og ís sem best. Þetta mun gefa góðan endurvöxt. Á svæðum með stuttan og hradan vortíma er mælt með afkastamiklu afbrigði eins og Bartasja. **Sáðmagn 35 kg/ha.**





Fjölært rýgresi Mathilde: Ferlitna yrki og uppskerumikið. Gott að sá einu og sér en líka með vallarfoxgrasi. Nokkuð ræktað héraðs. **Sáðmagn 35 kg/ha.**

Hávingull Laura: Uppskerumikill og gefur ágætan endurvöxt. Þolir ágætlega frost. Heppilegur til ræktunar með blöndu af rauðsmára, vallarfoxgrasi eða öðrum grastegundum. Gott fóðurgras. **Sáðmagn 25-30 kg/ha.**

Hávingull Revansch: Uppskerumikið og vetrarþolið yrki. **Sáðmagn 25-30 kg/ha.**

Túnvingull Barustic: Gott harðgert yrki fyrir garðflatir og landgræðslu. **Sáðmagn 25-30 kg/ha.**

Túnvingull Gondolin: Mjög þurrkþolið og hentar því vel í sendinn jarðveg. Harðgerð grastegund sem er mest notuð í landgræðslu. Góður í að binda jarðveg og draga úr frostlyftingu. Einnig notaður í grasflatir og á golfvelli. **Sáðmagn 25-30 kg/ha.**

Vörunúmer	Grasfræ	Yrki	Magn kg	Kg/ha	Tilboðsverð 10% afsl. Verð pr. kg
9-19-5	Grasfræblanda 1	Bústólpi	25	25	945
9-21-5	Grasfræblanda 2	Bústólpi	25	25	945
9-06-5	Grasfræblanda 3	Bústólpi	25	25	945
9-02-6	Grasfræblanda	Heyfengur	15	25	990
9-03-6	Grasfræblanda	Sígild	15	25	918
9-04-5	Grasfræblanda	Smárablanda	15	25	990
9-07-5	Grasfræblanda	Smárablanda forsmituð 	15	25	1,080
9-05-5	Grasfræblanda	Blómablanda	1	10	26.100
9-14-5	Vallarfoxgras	Engmo	25	25	792
9-12-5	Vallarfoxgras	Lidar	10	25	990
9-15-5	Vallarfoxgras	Rakel	10	25	746
9-08-5	Vallarfoxgras	Snorri	10	25	729
9-09-6	Vallarfoxgras	Tuukka	25	25	887
9-11-5	Vallarfoxgras	Tenho	25	25	887
9-47-5	Vallarsveifgras	Balin	25	20	909
9-79-5	Vallarsveifgras	Baron 	20	20	909
9-82-5	Vallarsveifgras	Kupol	20	20	1.026
9-46-5	Vallarsveifgras	Oxford	20	20	909
9-51-5	Fjölært rýgresi	Bartasja 	15	35	500
9-39-5	Fjölært rýgresi	Mathilde	20	35	468
9-73-5	Hávingull	Revansch	10	25-30	936
9-18-5	Hávingull	Laura	20	25-30	846
9-81-5	Túnvingull	Barustic 	15	25-30	657
9-16-5	Túnvingull	Gondolin	20	25-30	657
9-42-5	Hvítsmári	Undrom	10	5-6	1.350
9-43-5	Rauðsmári	Ares	10	5-6	1.485
9-74-5	Hvítsmári forsmitaður	Edith	10	5-6	1.980
9-75-5	Rauðsmári forsmitaður	Yngve	10	5-6	1.710
9-55	Smit fyrir smárafæ		100 gr		2.565
9-64-5	Hálmur	Strandreyr	10	15-20	1.386

SMÁRAR

Ræktun smára í blöndu með grasfræi hefur aukist jafnt og þétt á liðnum árum. Smárar eru gott steinefnaríkt fóður með hátt próteinhlutfall. Þeir binda köfnunarefni í jarðveg og draga þar með úr áburðarþörf.

Hvítsmári Undrom: Hvítsmára er alltaf sáð með grasi og hentar hann mjög vel í beitartún en einnig í tún sem á að heyja. Smita þarf fræið áður en því er sáð í nýtt land. Gamalt og þaulreynt yrki. **Sáðmagn 5-6 kg/ha.**

Rauðsmári Ares: Gott fóður og steinefnaríkt. Rauðsmári hentar betur en hvítsmári í slegin tún. Þarf bakteríusmit. **Sáðmagn 5-6 kg/ha.**

Bakteríusmit fyrir smára: Smárar þurfa að smitast með bakteríusmiti til vaxtar. Smitið er í 100 gr. poka. Það blandast með mjólk en getur einnig blandast með vatni. Blandist þannig að fræið sé rakt en ekki blautt. Sáíð strax og hrært hefur verið saman við smitið. Geymist í kæli og á dimmum stað.

FORSMITAÐIR SMÁRAR

Hvítsmári Edith: Gefur góða uppskeru og nokkuð gott vetrarþol. **Sáðmagn 5-6 kg/ha.**

Rauðsmári Yngve (2n): Tvílitna rauðsmári, endingargóður og gefur góða uppskeru. Hefur gott vetrarþol. **Sáðmagn 5-6 kg/ha.**

HÁLMUR

Strandreyr: Fjölær planta og er aðallega ræktuð vegna hálsins, þá aðallega til undirburðar. Harðgerð planta sem kemur upp ár eftir ár. **Sáðmagn 15-20 kg/ha.**

GRÆNFÓÐUR

Ræktun grænfóðursjurtu gefur gott næringarríkt gróffóður. Það má rækta eitt og sér í hreinrækt eða í blöndu með t.d. byggi eða höfrum sem heilsæði. Við bjóðum upp á gott úrval af sumar- og vetrarýgresi, sumarhöfrum og sumar- og vetrarrepju. Grænfóður er samheiti yfir jurtir af krossblómaætt og grasaætt sem notaðar eru sem fóður eða beit fyrir búfénað. Grænfóður hentar vel til nyttaukninga hjá kúm og fyrir haustbeit lamba. Grænfóður er einnig æskilegur liður í endurræktun túna.



SUMAR- OG VETRARRÝGRESI

Einæru rýgresi er sáð snemma vors og slegið sama sumar, venjulega tvisvar. Það sprettur eftir slátt langt fram á haust og gefur þá góða haustbeit. Tvílitna rýgresi er þurfnisríkara en það ferlitna og hentar því betur í rúlluverkun. Ferlitna rýgresi er aftur á móti mun lystugra en það tvílitna og er því eftirsóttara af beitarfénaði. Sumaryrki skríða sama sumar og búa til þroskað fræ. Passa þarf að slá þau snemma og gefa þeim færi á að spretta aftur. Vetraryrki skríða yfirleitt lítið eða ekkert en eru gerð til þess að lifa veturinn og skríða sumarið eftir. Hér á landi lifa þau ekki veturinn af nema í undantekningar tilvikum og má því telja þau sem einær. Þau spretta hægar en sumaryrkin en halda líka meltanleikanum betur fram eftir sumri.

Barspectra: Sumarrýgresi, ferlitna gamalt yrki og hefur alltaf reynst vel hér á landi. Hávaxið og skríður snemma, gefur líka góðan endurvöxt. **Sáðmagn 30-40 kg/ha.**

Barmultra: Vetrarrýgresi, ferlitna, blaðríkt, lágvaxið og skríður nánast ekkert. Þaulreynt héraðs og mikið notað um árabíl. **Sáðmagn 30-40 kg/ha.**

Danergo: Vetrarrýgresi, ferlitna, kröftugra en Barmultra, svipar þó til hennar að mörgu leyti. Skríður seint sem er kostur. **Sáðmagn 30-40 kg/ha.**

Protaplus: Einært rýgresi með hraðsprotnum smára. Spannandi blanda sem hefur gefið góða raun í tilraunum í Evrópu, þar á meðal í Finnlandi. Þessi samblanda af yrkjum á að gefa hátt fóðurgildi, hátt prótein og mikinn lystugleika. **Sáðmagn 30-40 kg/ha.**

SUMARHAFRAR

Sumaryrki vaxa hraðar en vetraryrki fyrri hluta sumars, en tréna þegar kemur fram á haustið. Þau standa sig venjulega betur en vetraryrki í samkeppni við illgresi. Sumaryrki þarf að slá snemma en vetraryrki mega bíða sláttar fram eftir sumri.

Belinda: Fremur seint til þroska miðað við hafrayrki almennt. Hentar vel sem sumarhafrar, snemmslegnir. Þaulreynt yrki og mikið notað. **Sáðmagn 180-200 kg/ha.**

Nike: Grænfóðurhafrar, skríða seint, sænskt yrki. **Sáðmagn 180-200 kg/ha.**

VETRARRÆPJA

Vetrarræpja er einær hávaxin káltegunnd með stólparót og öflugan stöngul. Hún er ein mikilvægasta fóðurjurtin sem ræktuð er hér á landi til haustbeitar bæði fyrir mjólkurkúr og sláturlömb. Hún er með hátt fóðunarvirði og fóðurgildi á þeim tíma sem fjölær beitargróður er farinn að rýna.

Barcoli: Uppskerumikið, þaulreynt héraendis og hefur verið notað lengi. Hefur ævinlega hlotið góða dóma í tilraunum. **Sáðmagn 8-10 kg/ha.**

Hobson: Blaðríkt yrki en hættir lítið til að blómstra. Þetta yrki hefur náð miklum vinsældum héraendis síðustu ár. **Sáðmagn 8-10 kg/ha.**

Interval: Uppskerumikið. Hávaxið. Blaðríkt fyrir haustbeit. Gaf jákvæðar niðurstöður í tilraunum á Hvanneyri 2013. **Sáðmagn 8-10 kg/ha.**

Ringo: Heppileg til beitar vegna þess að hún sprettur ekki úr sér. Heldur sér vel fram á haust og er mikið notuð til að beita lömbum og gefa nytháum kúm. Uppskerumikil og blaðrík. **Sáðmagn 8-10 kg/ha.**

Unicorn: Nýtt, fljótsprottið blendingsyrki með mikla vaxtargetu. Getur gefið góðan endurvöxt með rétttri nýtingu. **Sáðmagn 8-10 kg/ha.**

FÓÐURNÆPUR

Er vetrareinær káltegunnd sem myndar stóra forðarót að hluta til ofanjarðar á fyrsta ári. Á öðru ári vex upp úr forðarótinni hávaxinn blómstöngull. Næpan er með hvítan forðavef en ytri litur getur verið hvítur, gulur, grænn og/ eða fjöluþlár.

Samson: Gefur góða og næringarríka uppskeru. **Sáðmagn 1,5 kg/ha.**

FÓÐURMERGKÁL

Afar kröftugt og uppskerumikið í góðu sumri en sprettur seint og verður áfallasamt þegar illa árar. Sá þarf eins



snemma og mögulegt er til að nýta sumarið.

Grüner Angeliter: Er góð fóðurjurt til haustbeitar, aðallega fyrir mjólkurkúr en einnig fyrir sláturlömb. Þaulreynt yrki og hefur verið notað hér um árabíl. **Sáðmagn 8-10 kg/ha.**

ERTUR



Ertur eru einærar og hentugar sem grænfóður, aðallega í heilsæðisræktun með höfrum eða byggi. Þær eru góðar fóðurjurtir, prótein- og steinefnaríkar. Ertur líkt og smárar binda köfnunarefni úr andrúmslofti.

Ingrid: Hentar vel fyrir norðlægar aðstæður, er með sterkbyggðan og langan stöngul og stendur því vel. Uppskerumikið og myndar gular ertur fullþroskað. Þarf bakteríusmit. **Sáðmagn 200-250 kg/ha.**

VETRARRÚGUR

Vetrarrúgur er tvíær og hefur verið ræktaður til þroska hér með nokkrum árangri en er oftast sáð til vorbeitar. Rúgur er mun vetrarþolnari en t.d. hveiti. Rúgi er sáð um mitt sumar og heldur hann græna litnum yfir veturinn og tekur því við sér um leið og hlýnar að vori. Hann er því kominn í fulla sprettu á undan öðrum túngróðri. Einnig má sá honum að vori og beita eða slá sama ár án þess að hann skriði og heldur hann fóðunarvirði langt fram á haust.

Reetta: Yrki sem hefur skilað góðri uppskeru og er þolið fyrir kulda og erfiðum vaxtarskilyrðum. Hentar hvort sem er til beitar, gróffóðuröflunar eða jafnvel til þroska. Sáð í lok júlí eða byrjun ágúst og beitt snemma vors árið eftir. Einnig er hægt að sá að vori og beita síðsumars eða jafnvel slá áður en það þroskast. **Sáðmagn 180-200 kg/ha.**

Vörunúmer	Grænfóður	Yrki	Magn kg	Kg/ha	Tilboðsverð 10% afsl. Verð pr. kg	Vaxtadagar*
9-34-5	Sumarrýgresi	Barspectra	25	30-40	521	50-60
9-36-5	Vetrarrýgresi	Barmulta	25	30-40	531	70-100
9-45-5	Vetrarrýgresi	Danergo	25	30-40	369	70-100
9-70-5	Rýgresisblanda	Protaplus	15	30-40	765	70-120
9-28-5	Sumarhafnar	Belinda	25	180-200	158	75-110
9-72-5	Sumarhafnar	Nike	25	180-200	158	75-110
9-32-5	Vetrarepja	Barcoli	25	8-10	630	90-120
9-40-5	Vetrarepja	Hobson	25	8-10	720	90-120
9-33-5	Vetrarepja	Interval 	20	8-10	850	90-120
9-50-5	Vetrarepja	Ringo	25	8-10	653	90-120
9-35-5	Vetrarepja	Unicorn 	20	8-10	850	90-120
9-38	Fóðurnæpa	Samson	1	1,5	775	100-130
9-17	Fóðurmergkál	Grüner Angeliter	1	8-10	2.430	120-150
9-44-5	Vetrarrúgur	Reetta 	25	180-200	173	90-120
9-76-5	Ertur	Ingrid	25	200-250	185	100-130
9-78	Smit fyrir ertur		100 gr		2.790	

*Vaxtadagar eða nýtingartími frá sáningu. Oftast miðað við daga frá 31. maí

Bústólpi áskilur sér rétt til verðbreytinga án fyrirvara. Birt með fyrirvara um prent- og innsláttarvillur. Öll verð eru án vsk.